

Nd.

485. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að selja Stafholtstungnahreppi landspildu úr Sauðhússkógi.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, að fengnum meðmælum skógræktarstjóra, að selja Stafholtstungnahreppi í Mýrasýslu, eftir mati dómkvaddra manna, þann hluta af landi Sauðhússkógar í Stafholtstungum, sem liggur utan skógargirðingar ríkisins þar, ásamt veiðiréttindum, er því landi fylgja, enda verði hið selda land lagt undir jörðina Stapa-sel. Námuréttindi eru undanskilin sölunni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.